

Nd.

§22. Framhaldsnefndarálit

um frumv. til laga um breyting á 1. gr. laga um vitagjald frá 11. júlí 1911.

Frá fjárhagsnefnd.

Háttv. efri deild hefir gert þá einu breytingu á frumv. þessu að hækka vitagjaldið úr 35 aorum upp í 40 aora af hverri smálest í skipum, öðrum en skemtiferðaskipum, sem taka höfn á Íslandi.

Nefndin fellst á þessa breytingu, og leggur til að frumv. verði samþ., eins og það liggur nú fyrir.

Alþingi, 6. september 1917.

Magnús Guðmundsson,
formaður.

Gísli Sveinsson,
skrifari.

Þórarinn Jónsson,
framsm.

Þorsteinn M. Jónsson.

H. J. Kristófersson.